

Alþingi
Erindi nr. P 138/2744
komudagur 8.6.2010

From: SÍ Ingibjörg Guðbjartsdóttir [mailto:ingibjorg.gudbjartsdottir@sedlabanki.is]
Sent: 8. júní 2010 13:22
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: SÍ Sigríður Logadóttir
Subject: RE: Nefndasvið Alþingis - mál nr. 645 (flutningur rannsókna til SÍ)

Sæll

Ákvæði frumvarpsins til breytinga á lögum um gjaldeyrismál gerir ráð fyrir að komi í ljós að aðili sem hefur leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti fylgir ekki reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Seðlabanki Íslands setur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta skal Seðlabankinn krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h.

Viðkomandi ákvæði byggir á framkvæmd FME varðandi setningu leiðbeinandi tilmæla til eftirlitsskyldra aðila. Var þá sérstaklega litið til leiðbeinandi tilmæla um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem eftirlitið setur (<http://fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5686>) og heimilda FME til þess að leggja á dagsektir sbr. 11. gr. laga um opinbert eftirlit veiti eftirlitsskyldur aðili ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests.

Eftirfarandi kemur fram í leiðbeinandi tilmælum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:

Tilmælin setja fram leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um það hvernig eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum, skuli framfylgja ákvæðum þeirra. Eftirlitsskyldir aðilar eru skilgreindir í 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilgangur tilmælanna er að skýra ýmis atriði laganna án þess að um tæmandi talningu sé að ræða. Tilmælin geta orðið grundvöllur krafna Fjármálaeftirlitsins um úrbætur með vísan til laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sérlaga um starfsleyfisskylda starfsemi og alþjóðlegra reglna og skuldbindinga íslenska ríkisins á þessu sviði.

Af framangreindu er ljóst að viðkomandi framkvæmd sem verið er að mæla fyrir um í frumvarpinu varðandi leiðbeinandi tilmæli og heimild til að krefjast úrbóta að viðlögðum dagsektum sé þeim ekki fylgt er þegar þekkt og beitt af Fjármálaeftirlitinu. Þá er það afstaða Seðlabankans að þessi framkvæmd sé mikilvæg til þess að ná þeim tilætlaða árangri sem að er stefnt, en ljóst er að verulega er dregið úr áhrifum leiðbeinandi tilmæla hafi Seðlabankinn ekki úrræði til þess að bregðast við á viðeigandi hátt sé þeim ekki fylgt. Þá vill Seðlabankinn áréttta sérstaklega að hér er verið að tala um hóp aðila sem hefur leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti annað hvort á grundvelli laga (fjármálafyrirtæki) eða með sérstakri heimild frá Seðlabankanum og er eðlilegt að gera frekari kröfur til þeirra aðila.

Vegna fyrirspurnar Lilju Mósesdóttur til viðskiptaráðuneytisins á fundi efnhags- og viðskiptanefndar á föstudaginn sl., um rökstuðning þess efnis að framlenging á heimild til reglna um takmarkanir á fjármagnsflutningum verði bundin við tímabil samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, viljum við benda á eftirfarandi:

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 134/2008, frá 28. nóvember 2008 og mörkuðu upphaf þeirra gjaldeyristakmarkana sem við búum við nú, kemur fram í inngangi við athugasemdir við lagafrumvarpið:

„Í áætlun stjórnvalda til Alþjóðgjaldeyrissjóðsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að beitt verði blöndu af hefðbundnum og óhefðbundnum aðgerðum. Stýrivextir hafa verið hækkaðir í 18% auk þess sem Seðlabankinn er tilbúinn að hækka stýrivextina enn frekar. Einnig verður beitt aðhaldi hvað áhrærir aðgang bankanna að lánum frá Seðlabankanum með það að markmiði að ekki verði dregið um of á lausafé með þeim hætti. Þá hefur Seðlabankinn lýst því að hann sé tilbúinn að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Óvíst er hvort þessar aðgerðir einar og sér nægi til að koma í veg fyrir fjármagnsútfæði. Því er talið óhjákvæmilegt samkvæmt áætluninni að beita tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta sem er efni frumvarps þessa. Gjalddeyrishöftum á fjármagnsviðskipti fylgja ýmis neikvæð hliðaráhrif. Því er stefnt að því að afnema þau svo fljótt sem auðið er og lagt til að heimild Seðlabankans til að gefa út reglur um takmarkanir eða stöðvun fjármagnshreyfinga verði bundin við tímabil fjárstuðningsáætlunar Alþjóðgjaldeyrissjóðsins.“

Þá kemur jafnframt fram í athugasemdum um ákvæði til bráðabirgða sem lögfesti heimild Seðlabankans til þess að ákveða með reglum að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga:

„Takmarkanir á fjármagnshreyfingum eru neyðarúrræði sem hafa talsverð neikvæð áhrif og því er mikilvægt að ef gripið er til slíkra takmarkana að afnema þau svo fljótt sem auðið er. Er því lagt til að heimild Seðlabankans til að takmarka eða stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga verði tímabundin til 30. nóvember 2010, sem er sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsúmsóknar hjá Alþjóðgjaldeyrissjóðnum tekur til.“

Sá rökstuðningur sem kemur fram um framlengingu heimildar Seðlabankans nú, er því í samræmi við fyrri skýringar, um að heimildin skuli miðast við samstarf við Alþjóðgjaldeyrissjóðinn.

Kær kveðja,
Ingibjörg